



Borgarráð

**Viðauki við fjárhagsáætlun 2023****1. Siglunes**

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 18.000 þ.kr. vegna siglinganámskeiða í Siglunesi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn. st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Til	-18.000
MÍR	I5300	Siglingar í Nauthólsvík	Samtals	18.000
				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir tillögunni.

**Greinargerð:**

Vísað er til atkvæðagreiðslu borgarstjórnar 6. desember 2022, liður 1, þar sem samþykkt var að vísa tillögu SBPC – 87 um skipulagsbreytingar í Nauthólsvík og lokunar á Siglunesi til meðferðar í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði. Er það niðurstaða ráðsins að með ákveðnum breytingum á fyrirkomulagi í Siglunesi sé hægt að draga verulega úr kostnaði og halda áfram því góða starfi sem átt hefur sér stað í Siglunes fyrir 18 m.kr. á árinu 2023. Verður þetta m.a. gert með því að námskeið verði stýtt um eina viku og verða í 7 vikur í stað 8. Tímasetning námskeiða verði breytt þannig að þau rúmist innan dagvinnutíma og yfirvinna fellur að mestu niður. Almennum starfsmönnum við námskeiðahald verði fækkað um 1 og gjaldskrá verði hækkuð um 25% en verði er engu að síður verulega stillt í hof miðað við raunkostnað.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri